

## Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2021-2022

Dags.20.02 2022

**Stjórn FÍLD:** Formaður: Irma Gunnarsdóttir. Gjaldkeri: Guðmundur Helgason. Ritari: Guðmunda Pálmadóttir. Meðstjórnandi: Sigrún Ósk Stefánsdóttir. Meðstjórnandi: Sandra Ómarsdóttir. Varamaður: Inga Maren Rúnarsdóttir. Varamaður: Lovísa Ósk Gunnarsdóttir.

### FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

- **Bandalag Íslenskra Listamanna:** Irma Gunnarsdóttir.
- **SAFAS** – Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum: Irma Gunnarsdóttir. *Samráðsvettvanginn SAFAS skipa formenn eftirtalinnna fagfélaga; Danshöfundafélag Íslands, Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks, Félag ísl. listdansara, Félag leikmynda – og búningahöfunda, Félag leikskálda, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag tæknifólks. Tilgangur SAFAS er að uppfylla skyldur laga um sviðslistir auk þess að styðja við sameiginleg hagsmunamál til aukinnar fagmennsku í sviðslistum.*
- **SSÍ - Sviðslistasamband Íslands:** Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Guðmunda Pálmadóttir.
- **Gríman - Íslensku Leiklistarverðlaunin:** Einn fulltrúi í Grímunefnd.
- **Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík:** Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Ólöf Ingólfssdóttir.
- **Bakland Listaháskóla Íslands:** Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Sandra Ómarsdóttir.

### Fulltrúar í Listdansráði Íslenska dansflokksins skipaðir af SAFAS

Aðalfulltrúar: Ólöf Ingólfssdóttir og Guðmundur Helgason. Varafulltrúar: Katrín Johnson og Ólafur Darri Ólafsson. Formaður listdansráðs, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra: Sigríður Soffía Níelsdóttir.

### Aðalfundur FÍLD var haldinn 31.janúar 2021.

Stjórnarkjör: Irma Gunnarsdóttir var endurkjörin sem formaður til 2ja ára. Fráfarandi stjórnarmeðlimir voru Ingunn Elísabet Hreinsdóttir meðstjórnandi og Sigríður Soffía Níelsdóttir varamaður. Núverandi stjórn þakkar þeim fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins. Sandra Ómarsdóttir var kjörin meðstjórnandi og Inga Maren Rúnarsdóttir varamaður.

Stjórnarfundir voru að venju haldnir mánaðarlega yfir árið. Stjórn heldur einnig úti samskiptasíðu á facebook og er tölvupósturinn virkur til skrafs og ráðagerðar á milli stjórnarfundu.

## **FÍLD á vettvangi SSÍ og SAFAS**

Nokkrir fundir voru haldnir hjá Sviðslistarsambandi Íslands og SAFAS á árinu og sat formaður þá fundi. SSÍ stóð að stofnun og mótun á hlutverki SAFAS og hafa hlutverk þessara félaga einnig verið skoðuð með tilliti til nýrrar sviðslistamiðstöðvar sem sett var á laggirnar í byrjun árs 2022. Hlutverk SAFAS er í stöðugri mótun og mun hlutverk SSÍ breytast og einfaldast að einhverju leiti með tilkomu SAFAS og Sviðslistamiðstöðvar Íslands. SSÍ mun áfram standa að Grímunni, íslensku sviðslistaverðlaunahátíðinni og halda áfram að vinna að hagsmunum sviðslista í landinu í samstarfi við SAFAS og Sviðslistamiðstöð Íslands.

## **Kjaramál**

### **Stofnannasamningur fyrir danshöfunda hjá Íd samþykktur á árinu**

Í júní urðu fyrstu kjarasamningar fyrir danshöfunda til í landinu en um er að ræða stofnannasamning á milli FÍL - Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum, Íslenska dansflokksins og ríkisins. Með samningunum standa danshöfundar loksins jafnfætis öðrum listrænum stjórnendum hjá opinberum sviðslistastofnunum hvað varðar laun og réttindi. Málið hefur verið sameiginlegt baráttumál FÍL, FÍLD og DFÍ á undanförunum árum, það er því gleðilegt að málið skuli loks vera í höfn.

### **Möguleiki á samstarfi Kennarasambands Íslands og FÍLD kannaður**

Formaður FÍLD átti fund með formanni KÍ í júní síðastliðnum en erindið var að kanna möguleika á samstarfi við KÍ við þróun á starfsumhverfi listdanskennara. Liður í að styrkja listgreinina dans í skólakerfinu er að tryggja atvinnumiðað dansnám í greininni sem og atvinnugrundvöll fyrir listdanskennara. Kjör listdanskennara við listdanskóla eru mjög ótrygg en laun eru lá og iðulega í formi gerviverktöku. Með tilkomu háskólastigs í greininni og fjölgun dansmenntaðra í landinu er nauðsynlegt að huga að uppbyggingu á starfsumhverfi listdansins og er kennarastarfið mjög mikilvægt í því samhengi. Á fundinum voru hugmyndir reifaðar og samtal opnað varðandi framþróun á starfsumhverfi og starfskjörum listdanskennara, Formaður KÍ var jákvæður og opinn fyrir frekara samtali og samstarfi við FÍLD. Til stóð að funda enn frekar með haustinu en vegna Covid og anna hefur málið verið í biðstöðu.

## **FÍLD á vettvangi BÍL**

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundir BÍL. BÍL starfar skv. starfsáætlun stjórnar þar sem áhersla er á samtal og samráð um málefni listamanna og listgreina við aðila sem stýra málaflokknum hjá ríki og sveitarfélögum. Líkt og í fyrra voru málefni listamanna á tímum Covid mikið í umræðunni og lagði BÍL mikla áherslu á fjölgun listamannalauna, hækkun launa og að finna leiðir til að tryggja réttindi listafólks á tímum heimsfaraldurs. Nú í byrjun árs 2022 tilkynnti nýr menningarmálaráðherra um verulega hækkun á framlagi til listamannalauna sem og fjölgun mánaðarlauna í launasjóði en aukið fjárframlag er ætlað að koma til móts við listamenn eftir erfitt Covid tímabil. Fjöldi listamannalauna hefur verið aukinn og launin sjálf munu hækka í rúmar 490.000 kr. á mánuði í ár. Samtal BÍL og mennta- og menningarmálaráðherra á liðnu ári báru því árangur sem um munar en einnig er í farvatninu að eyrnamerkja listamönnum 35 ára og yngri ákveðinn hlut listamannalauna, það er frábærar fréttir, sérstaklega með tilliti til danslistarfólks. Lilja Alfreðsdóttir núverandi menningarmálaráðherra hefur sýnt mikinn metnað og skilning er kemur að málefnum listafólks, það er bæði ánægjulegt og þakkarvert.

Á árinu voru mál starfslaunasjóða mikið rædd á vettvangi BÍL sem og á vettvangi SAFAS þar sem úthlutunarreglur úr launasjóðum til sviðslistafólks voru mikið til umfjöllunar eftir úthlutun 2021. Haldnir voru fundir með stjórn SAFAS og stjórn listamannalauna vegna málsins en einnig með stjórn BÍL

og stjórn listamannalauna, sat formaður FÍLD báða fundi. Til umfjöllunar var fyrirkomulag úthlutanna og úthlutunarreglna úr starfslaunasjóðum. Fundir voru gagnlegir þar sem umræður snérust um hvernig bæta mætti núverandi fyrirkomulag. Fyrirkomulag úthlutanna og úthlutunarreglna hefur verið í endurskoðun og er í áframhaldandi endurskoðun. Það er öllum kappsmál að gæta hagsmuna listafólks en vandi við úthlutanir hefur fyrst og fremst verið alltof lítið fjármagn til málaflokksins.

Starfsdagur BÍL var haldinn nú í upphafi árs 2022 þar sem stjórnir fagfélaga innan BÍL funduðu á zoom. Farið var í hugmyndavinnu fyrir komandi starfsár BÍL. Starfsdagurinn lukkaðist vel og mun vinnan nýtast BÍL og fagfélögum í komandi viðræðum við yfirvöld menningar- og menntamála.

### **Styrkir með grunnám í listdansi standa í stað, átak þarf til að ná eyrum stjórnvalda**

Síðastliðið ár þokaðist lítið í baráttu FÍLD er varðar styrki til grunnáms í listdansi. Margt spilar þar inn í. Fókus menntamálaráðuneytisins, árið 2021 var að miklu leiti á ýmsar aðgerðir vegna Covid. Síðan hófst kosningabarátta, þinglok, kosningar, myndun nýrrar ríkisstjórnar og loks ráðherraskipti og uppstokkun ráðuneyta. Allar þessar stjórnsýslubreytingar tóku sinn tíma en mennta- og menningarmálaráðuneytið hélt mörgum málum í biðstöðu í marga mánuði meðan á ríkisstjórnaskiptum og uppstokkun ráðuneyta stóð. Nú þegar endurskipulagning á ráðuneytum hefur átt sér stað vonast stjórn FÍLD til að málefni grunnáms í listdansi verði tekin fyrir í menntamálaráðuneytinu. Ljóst er að átaks er þörf til að ná fram réttmætum styrkjum með grunnámi í listdansi, tryggja þarf námsframboð grunnáms með lögum og fjármagni.

### **Samningar v. kennslu framhaldsskólastigs í listdansi renna út á næsta ári.**

**Núverandi samningar eru engin framtíðarlausn á fyrirkomulagi námsins í menntakerfinu.**

Í ágúst 2020 tóku samningar v. kennslu framhaldsskólastigs í listdansi gildi milli ríkisins og þriggja einkaskóla í listdansi, Danslistarskóla JSB, Klassíska listdansskólans og Listdansskóla Íslands. Samningar voru gerðir til 3ja ára en hvað tekur við eftir næsta skólaár 2022 – 2023 er enn óvíst. Vakin hefur verið athygli á málinu við nýjan mennta- og barnamálaráðherra en ljóst er að fjármagn til rekstur náms á framhaldsskólastigi við þrjá skóla er of naumt skammtað. FÍLD kallar eftir framtíðarsýn og skólafestnu hjá menntamálaráðuneytinu, bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastigi í listdansi. Ljóst er að auka þarf fjármagn til kennslu framhaldsskólastigsins ef námið á að vera í boði við þrjá listdansskóla. Önnur leið væri að hagræða og sameina listdansnám á framhaldsskólastigi undir einn hatt, freista þess að skapa öflugan listmenntaskóla í danslist, samsvarandi fyrirkomulagi og er á framhaldsskólastigi í tónlist þ.e. MÍT- Menntaskólinn í tónlist. Leita þarf að framtíðarlausn svo hægt sé að tryggja listdansnemum og þeim sem byggja upp listdansmenntunina í landinu betri aðbúnað, réttmæt kjör og bjartari framtíð.

### **Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum**

Síðastliðið vor fór fram útskrift frá MH að venju. Fjöldmörg fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyrir námsárangur á stúdentsprófi og hefur FÍLD veitt slík verðlaun undanfarin ár. Það var *Þórunn Guðmundsdóttir* nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD í ár. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félaginu.

## **Hið íslenska bókmenntafélag mun gefa út bókina um íslenskan listdans eftir Ingibjörgu Björnsdóttur. Ingibjörg vinnur nú að því að klára ritið og gera það klárt til útgáfu.**

Ingibjörg Björnsdóttir hefur á liðnu ári unnið hörðum höndum að því að klára ritverkið um íslenskan listdans en verkið hefur verið í smíðum í allmörg ár. Það stýttist nú í að bókin verði tilbúin til útgáfu en ljóst er að útgáfa bókarinnar mun kosta töluvert, leita þarf leiða til að fjármagna útgáfuna. Um veglegt ritverk er að ræða, myndskreytt með fjölda ljósmynda. FÍLD hefur óskað eftir samstarfi við Íslenska dansflokkinn í tengslum við útgáfu bókarinnar en stefnt er að útgáfu ritverksins innan árs. Málið er í vinnslu en það eru jákvæð tíðindi að Hið íslenska bókmenntafélag hefur samþykkt að gefa bókina út.

### **DANSSTEFNA FÍLD til næstu 10 ára**

Á aðalfundi FÍLD 2020 var skipað í undirbúningsnefnd vegna útgáfu á nýrri dansstefnu en Dansstefnan 10/20 var útrunnin og kominn tími til að vekja nýja drauma, markmið og framtíðarsýn í takt við þarfir nýrra tíma. Vegna heimsfaraldursins og samkomutakmarkanna seinkaði stefnumótunarfundum vegna mótunar á nýrri stefnu töluvert eða um rúmt ár! Þann 12.september 2021 tókst loks að halda stefnumótunarfund/vinnudag með félagsmönnum FÍLD og tengdum hagsmunaaðilum. Fundur var haldinn í Dansverkstæðinu og var mæting góð. Mikil og góð hugmyndavinna átti sér stað og vinnur nú nefnd um Dansstefnu FÍLD að mótun nýrrar stefnu til næstu 10 ára út frá gögnum fundarins. Það eru þær Ólöf Ingólfssdóttir, Sigrún Ósk Stefánsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Hrafnhildur Einarsdóttir sem skipa nefndina um Dansstefnu FÍLD. Þær eru á lokametrunum í úrvinnslu gagna en spennandi verður að sjá afrakstur vinnunnar. Vonir standa til að ný danssæfna líti dagsins ljós á næstu misserum.

### **Erfitt dansár að baki**

Vegna heimsfaraldursins féllu ótal dansviðburðir niður á árinu og hafði heimsfaraldurinn veruleg áhrif á margþætta starfsemi danslistarfólks. Útsjónarsemi, aðlögnarhæfni og umburðarlyndi er eitthvað sem allir taka með sér út úr ástandinu en allir hafa þurft að aðlaga sig að síbreytilegum aðstæðum á árinu. Það tókst þó að halda úti skertri dagskrá á Reykjavík Dance Festival á árinu og Íslenski dansflokkurinn náði einnig að halda úti sýningum þrátt fyrir takmarkanir.

### **Bjartara framundan**

Loks hyllir undir bjartari tíma og eru mörg spennandi verkefni framundan hjá íslensku danslistarfólki. Má þar t.d. nefna þátttöku Íslands í Ice Hot Nordic Dance Platform sem haldið verður í Finnlandi í sumar. Á ICE HOT verða sýnd sex íslensk verk eftir íslenska höfunda, allt verk sem sýnd hafa verið hérlendis við góðar undirtektir. ICE HOT er frábær stökkpallur fyrir norræna dans- og sviðslist, spennandi vettvangur sem býður sviðslistafólki upp á möguleika í formi norræns samstarfs og útrásar. Hægt er að kynna sér ICE Hot hér <https://www.icehotnordicdance.com/>.

### **SOLO einstaklingskeppni í klassískum listdansi - undankeppni PRIX DU NORD, verður haldin í Borgarleikhúsinu laugardaginn 12.mars kl. 16:00**

FÍLD stendur fyrir SOLO einstaklingskeppninni í klassísku listdansi þann 12.mars næstkomandi en keppnin verður haldin á Nýja sviði Borgarleikhússins. Keppt verður í tveimur aldursflokkum þ.e. junior og senior flokki og eru keppendur á aldrinum 14-19 ára. Keppnin er undankeppni fyrir norrænu ballettkeppnina Prix Du Nord og einstakt tækifæri fyrir nemendur í klassískum listdansi. Miðasala verður á Tix.is og auglýst þegar nær dregur.

**75 ára afmælishátíð FÍLD  
í Tjarnarbíó laugardaginn 26.mars milli kl.17 – 19**

Stjórn FÍLD fagnar því að loks verði hægt að halda grímulaus mannamót og blása til afmælisveislu! Félagsmönnum FÍLD og velunnurum verður boðið til afmælishátíðar laugardaginn 26.mars í Tjarnarbíói milli kl.17 – 19. Takið tímann frá og hlökkum til!

**Dagur listdansskólanna verður haldinn í fyrsta sinn sunnudaginn 27.mars, á afmælisdegi FÍLD**

Hugmyndin að degi listdansskólanna kviknaði í lok árs 2021 en formaður viðraði hugmyndina við stjórn á stjórnarfundi í desember síðastliðnum er málefni grunnnáms í listdansi voru rædd. Ákveðið var að kanna undirtektir skólastjórnenda í listdansskólum og kanna áhuga á þátttöku listdansskóla í deginum en með Degi listdansskólanna vill FÍLD vekja athygli á því frábæra uppeldisstarfi sem fram fer í listdansskólum landsins. Vel hefur verið tekið í hugmyndina af skólastjórnendum og stefnir í mjög góða þátttöku frá skólum. Stofnað verður til dagsins í tengslum við afmæli FÍLD og verður viðburðinum ýtt úr vör á afmælishátíðinni í Tjarnarbíó laugardaginn 26.mars. Listdansskólar landsins munu síðan í kjölfarið vekja athygli á fjölbreyttu starfi sínu með ýmsum hætti, á sjálfan afmælisdag FÍLD, 27.mars. Spennandi verður að sjá hvernig til tekst en í tengslum við Dag listdansskólanna mun FÍLD vekja athygli fjölmiðla og stjórnvalda á stöðu grunnnáms í listdansi og mikilvægi þess að styðja við starfsemi listdansskóla.

**Barnamenningarhátíð 2022 - Vegleg hátíðarsýning listdansskólanna verður haldin mánudaginn 4.apríl næstkomandi í Eldborgarsal Hörpu.**

Árlega stendur FÍLD fyrir hátíðarsýningu listdansskólanna á opunardegi Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur en hátíðin féll niður tvö síðastliðin ár vegna Covid. Stefnt er að veglegri hátíðarsýningu í Eldborgarsal Hörpu þann 4.apríl næstkomandi. Listdansskólum innan FÍLD er boðin þátttaka í sýningunni og verður viðburðurinn kynntur betur þegar nær dregur.

Að lokum,

Stjórn FÍLD hvetur félagsmenn til að mæta í afmælið laugardaginn 26.mars. Það er kominn tími á hitting og gleðskap eftir allar takmarkanirnar. Sjáumst hress í hátíðarskapi ☺

Áfram íslenskur listdans!

f.h. stjórnar  
Irma Gunnarsdóttir  
formaður FÍLD